

Fundur 3.11.2025 Haraldur Nielsson

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

Góða kvöldið.

Er það orðið langt um liðið síðan ég kom í sambandið til ykkar, og finn ég ævinlega mismunandi orkustreymi frá íslensku þjóðinni og þykir mér það forvitnilegt að skygnast um og njóta áhrifa frá öllum þeim sem eru draumgjafar og sýngjafar eins og við köllum þá sem tengjast okkur í sambandi nokkru á meðan við vökum og upplifum það sem þið upplifið, en erum vakandi á meðan, og er það aðeins fyrir þá sem þjálfaðir eru til fulls.

Já gleður mig að komast í sambandið og vona ég að þið njótið magnanar úr sal þessum og jafnvel þegar við erum ekki með stillt inn á ykkar fundi og sambönd, reynum við að leita fréttar af gamla Íslandi og ykkar félagi og hvernig gengur, og frétti ég það að nokkuð væri um sambönd við skemmra komna hnetti, þar sem stillilögmál fjöldans er þar til truflunar, þar til þið hafið stillt ykkur saman á vetri hverjum og mynda gott aflsvæði með mörgum fundum, og þótt við séum ekki komin langt á þróunarbrautinni, þá er ég hér í öðru framlífi mínu, og hef ég ævinlega haft áhuga á þessum málum.

Og er hér mögnun góð í salnum og vona ég að þið skynjið það og finnið það sem best, já ég varð snemma Nýalssinni á fyrstu framlífs jörð minni og sagði frá því og hef ég haldið því áfram og er hér enn meiri mögnun og farsæld á þessum hnetti og eru það fáir sem ekki skilja þessi mál nokkuð vel eða viðurkenna þessi grundvallar sannindi.

En fólk hefur ýmislegt að sýsla og ekki allir eins iðnir að mæta á fundi, en það hefur mikið hjálpað mér í sambandi við mitt áhugamál og í sambandi við mínar fyrri áherslur í jarðlífinu gamla hjá ykkur, að hafa orðið Nýalssinni og hafa þannig fengið vísindaleg rannsóknartæki í hendurnar og getur beint þeim á ráðgátur tilverunnar sem ég þekkti svo vel áður og útskýrði á annan hátt.

Er ég hér komin í kvöld til að gefa ykkur góðar ráðleggingar í sambandi við fundi ykkar, þar sem ég hef starfað við skyld málefni allt mitt líf, og er mikið í húfi eins og okkur hefur verið sagt og höfum við ekki farið varhluta af ýmsum breytingum í himingeimnum með stjörnskaranum, og höfum við, það er hvort lagður geimurinn af þeim sem æðri eru, en höfum við ekki aðgang að öllum þeim upplýsingum nema að hluta til, en fer ég ekki úti það að sinni.

En vil ég taka það enn fram að það er mjög mikilvægt að endastöðvar eins og eru hjá ykkur, á framlífs jörðunum, dugi sem best og leggist ekki niður í órækt helstefunnar, eins og var á hinum myrku miðöldum.

Var það mér erfitt verkefni að snúa baki við trú minni á fyrstu framlífs jörð minni, þar sem ég hafði sannfært sjálfan mig og menntað mig í þeim fræðum og starfað við það um nokkurt skeið, og var það mér því erfitt að snúa baki við þeim gömlu trúarbrögðum kristinnar og viðurkenna önnur trúarbrögð eins og Ásatrú og Vanatrú og gríska heiðni og vísindaleg vinnubrögð nota enn fremur.

En það neyddist ég til að gera og hér á annari framlífs jörð minni hef ég enn meiri yfirsýn en áður og hefur mér alveg upp á síðkastið, verið bent á það að breytingar þær sem hafa orðið á ýmsum hnöttum og mannkynjum, sé af Jahve orsökum, og þurfi að vinna gegn því og sigra slíka helstefnu.

Og var mér bent á það að það er tilgangur Jahve að trufla sambönd ykkar við ættingja, vegna þess að það er hans aðferð, að þegar efinn magnast, getur hann deilt og drottnað og bent á það sem aflaga hefur farið og komið með trúarbrögð sín inn af meiri krafti.

En vandinn er sá að samstilling íslensku þjóðarinnar er háð ýmsum lögmálum, eins og kærleikanum ykkar á milli og verður að minnast á annað, að innstreymi útlanda til landsins getur truflað samstillingu ykkar, á meðan gömul ættingja tengsl eru ekki til staðar og menningar áhrifin eru ólík og það getur valdið ósamstillingu og truflað samböndin, og enn fremur þegar stjórnmálaleg olga er á ferðinni.

En það sem þarf einnig að minnast á, er fjöldi þeirra ættingja sem þið hafið á ykkar jörð og öðrum jörðum, og eru þeir nokkurs konar endurvarpsstöðvar fyrir vitmagnan og samböndin, og er það gott fyrir upprennandi miðla að hugsa til ættingja sinna og leyfa minningum um þá að mynda samstillingu og tengingu við okkur og aðra sem framlíðnir eru, en Jahve hefur einstakt lag á því að trufla þetta með því að skapa vantraust og koma með hugmyndir um kristnina, sem haldið er fram að sé æðri samböndum æðri.

Og var það öðruvísi í heiðninni, þegar sannfæringin var meiri fyrir brottför einstaklingsins til Valhallar og drukkin var skál, og hugmyndir manna voru einfaldari og meira orkuvekjandi í þessum efnum, en ég ætla nú ekki að fara nánar út í þetta.

En ég var með þennan formála til að lýsa því hvernig truflanir geta orðið á samböndum og hef ég unnið við það, bæði á þessum og fyrsta framlífshnetti mínum að aðstoða við samböndin, þar sem ég hafði strax mikinn áhuga á því í frumlífi mínu, (það koma inn röng orð stundum.).

Já það er nokkuð síðan ég hef talað við ykkur, spíritisti og prestur var ég í frumlífi meðal ykkar, Haraldur Níelsson.

Já velkominn.

Já takk fyrir, já ég er orðinn Nýalssinni fyrir löngu.

Já takk fyrir það.

Og, viljum gjarnan magna sem flesta miðla meðal ykkar, og yrði það forvitnilegt hvaða ný sambönd kæmu þá, og vildi ég gjarnan segja frá rannsóknum mínum og athugunum hér í framlífi, en verður það að bíða betri tíma.

En væri einnig áhugavert að segja frá náttúru þessa hnattar og hvernig okkur hefur tekist að ráða betur við veðurfarið en á frumlífs jörðinni, en verður það einnig að bíða, en lýk ég máli mínu með því að segja að hér á þessari framlífs jörð eru einnig fjölmargir ættingjar ykkar frá þessu aldurs skeiði og ýmsir aðrir sem hugsa vel og hlýtt til ykkar.

Verð ég nú að ljúka máli mínu, verið þið allir blessaðir og sælir.

Vertu blessaður Haraldur og þakka þér fyrir að koma.

Þakka þér fyrir.